

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

- 1.1 Kappsiglingareglur World Sailing 2017-2020
- 1.2 Keppendareglur ÍSí.
- 1.3 Kappsiglingafyrirmæli mótsins.
- 1.4 Kappsiglingafyrirmæli Siglingasambands Íslands.

2 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA

Mótið er opið öllum kjölbátum og dagbátum með gilt IRC-forgjafarskírteini.

3 ÞÁTTTÖKUGJALD

- 3.1 Áskilin gjöld eru eftirfarandi: 1.200 kr. á hvern áhafnar meðlim sem greiðist að lokinni hverri umferð sem tekið er þátt í og skal skrá í þar til gerða bók.

4 TÍMAÁÆTLUN

- 4.1 Fyrsta umferð verður sigld þriðjudaginn 21. maí og verður síðan siglt á hverjum þriðjudegi í sumar. Síðasta umferð verður 17. september.
- 4.2 Skipstjórafundur skal haldinn kl. 17:30.
- 4.3 Áætlaður tími fyrir fyrsta viðvörunarmerki er kl. 18:25.
- 4.4 Keppni er ekki ræst eftir klukkan 19:00

5 MÆLINGAR

Leggja skal fram gilt IRC-forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

6 SIGLINGAFYRIRMÆLI

Siglingafyrirmæli eru veitt fyrir hverja umferð og skulu tilkynnt á skipstjórafundi viðkomandi umferðar.

7 KEPPNISSVÆÐI

Keppt verður á sundunum við Reykjavík..

8 BRAUTIRNAR

- 8.1 Lýsing á braut verður gefin á skipstjórafundi fyrir hverja umferð.
- 8.2 Mælst er til þess að brautin sé hönnuð þannig fyrir hverja umferð að ráslínan sé hornrétt á vindstefnu. Þótt það sé vissulega þægilegt að starta af pallinum fyrir framan skrifstofuna á Ingólfsgarði er það ekki alltaf hentugt með tilliti til vindstefnu. Hins vegar er lítið mál að leggja ráslínu á milli einhverri af þeim baujum sem eru fyrir hendi og báts þeirrar áhafnar sem er með keppnisstjórnina hverju sinni. Ekki er þó fundið að því sé marklínan höfð við Ingólfsgarðinn.

9 STIGAGJÖF

- 9.1 (a) Þegar færri en 4 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildarstigatala í keppninni.
- (b) Þegar lokið hefur verið við 5 til 10 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.

MBL-siglingamót kjölbáta 2019

21. maí til 17. september

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

mbl.is



(c) Þegar lokið hefur verið við 11 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskildum tveimur lökustu umferðunum, sem heildarstigatala í keppinni.

10 FJARSKIPTI

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

Keppisstjórn notar rás 6 til samskipta.

11 VERÐLAUN

11.1 Eftirfarandi verðlaun verða veitt: fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti reiknað út frá IRC forgjöf.

11.2 Verðlaunaafhending fer fram á Lokabroki Siglingafélags Reykjavíkur – Brokeyjar, 21. september 2019.

11.3 Veitt eru aukaverðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í lok sumars fyrir úrslit reiknuð án forgjafar.

12 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

13 TRYGGINGAR

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

15 FREKARI UPPLÝSINGAR

Fyrir frekari upplýsingar sendið tölvupóst á netfangið brokey@brokey.is eða hringið í síma 895 1551.